

Græna hagkerfið.

140 þing, 7. mál.

Tillaga til þingsályktunar: Um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi.

Umsögn frá umhverfiseild Landbúnaðarháskóla Íslands

Ábyrgð: Ólafur Arnalds, deildarforseti í samvinnu við deildarráð

Tillaga um þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins í heild telst tíðindum sæta og það er líklegt að ályktunin geti haft afar jákvæð áhrif á marga þætti þjóðlífsins í þágu náttúru, umhverfis og sjálfbærrar þróunar. Þau atriði (a-h) sem stefnumótunin byggist á eru mikilvæg og raunæf. Að baki þessarar ályktunar liggur augljóslega mikil og vönduð vinna, sem ber að þakka. Hér á eftir verður einkum fjallað um atriði sem umhverfiseild Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) telur vert er að gefa gaum áður en tillagan hlýtur endanlegt form fyrir samþykki.

Þess ber að geta þegar í upphafi að hugtakið „grænn“, sem er notað sem samnefni þeirra aðgerða sem stungið er upp á í þingsályktuninni, er ekki meginþemað í útfærslu tillögunnar enda þótt þar sé sjálfbær þróun og umhverfisvernd höfð að leiðarljósi. Gróður og jarðvegur og ástand lands koma þar lítt við sögu. Þeir þættir eru þó mikilvægir í flestum umhverfissáttmálum S.þ. Við frekari mótun þessa skjals er það grundvallaratriði að auka vægi vistkerfa og vistheimtar, og sjálfbærra nýtingar auðlinda jarðvegs og gróðurs í hinum græna hagkerfi. Enda snerta þessir þættir ýmsa aðra þá þætti sem þingsályktunin hefur til umfjöllunar, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda o.fl.

1. Allmikið er fjallað um orkumál og litið til innlendra og vistvænna orkugjafa. Metangas er raunhæfur kostur sem þegar er nýttur á Íslandi og eftirspurnin mun fara ört vaxandi, sem gefur samfélaginu mikið í aðra hönd, svipað og olíulindir annars staðar. Orkuþörf á bújörðum á Íslandi nemur milljörðum kr. í kostnaði á ári á Íslandi öllu, en hugsanlegt er að mest af þeirri orku megi afla á búunum sjálfum sem jafnvel geta einnig aukið metan framboð á almennum markaði. Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði er um 600 000 tonn CO₂-ígildi, sem er sambærileg stærð og losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum eða fiskveiðum. Það er mikilsvert umhverfismál að draga úr þessari losun eins og það er mikilvægt að draga úr losun t.d. frá samgöngum. Um leið er unnin vistvæn, heimaþingin orka. Mikilvægt er að hefja rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði, en Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) reynir nú að koma slíkum rannsóknum af stað á tilraunabúum skólans. Það væri mikilvægt í þessu samhengi að fá stuðning til þess verks.

2. Umhverfiseild LbhÍ hvetur til þess að miðað sé við að landkostir séu ekki skertir og að efling endurheimtar á landkostum sé undirliggjandi grunntónn í mörgum verkefnum á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem sjálfsagður liður í græna hagkerfinu. Landkostir og vistheimt (endurheimt vistkerfa, e: ecosystem restoration) eru liðir í umhverfissáttmálum S.þ. og á vettvangi þeirra hafa verið sett markmið sem Ísland, sem aðili að þessum sáttmálum, þarf að hafa í huga við mótun stefnu af þessu tagi. Þess má geta að nýleg stefnumótun á vegum Sáttmálans um líffræðilegan fjölbreytileika gerir ráð fyrir vistheimt á a.m.k. 15% hnignaðra vistkerfa (Aichi-Targets). Gróður og jarðvegur annars vegar og votlendisvistkerfi og skógar hins vegar gegna lykilhlutverkum við bindingu gróðurhúsalofttegunda til mótvægis við losun, enda er stór hluti aukins styrks gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu komin frá ofnýttum vistkerfum og framræstum votlendum. Mikilvægt er að koma stefnumiðum sem þessum inn í græna hagkerfið, m.a. með hagrænum hvötum.

3. Núverandi stuðningur við landbúnað tekur ekki mið af umhverfismálum, ef frá er talin umdeild klásúla og framkvæmd hennar er tengist gæðastýringu í sauðfjárrækt. Stuðningur við landbúnað þarf að taka meira mið af grænum gildum. Það er jafnframt í samræmi við alþjóðlega þróun í stuðningi við dreifbýli. Það gengur þvert á þá hugsun sem gengur í gegnum þingsályktunartillögu um „græna hagkerfið“ að styrkja með háum fjárhæðum beit á svæðum sem án nokkurs vafa ætti alls ekki að nýta til beitar. Þar með er verið veita fé beinlínis til áframhaldandi landhnignunar og nýtingar sem viðheldur auðnum og slæmu ástandi lands. Þetta á vitaskuld aðeins um hluta af beutiland landsins, en annars staðar er ástand beutilands gott eða ásættanlegt. Stefnumótun sem þessi ætti að fela í sér að beit sé hætt afréttum gosbeltisins, auðnum og rofsvæðum (sbr afstöðu L.r. og Rala 1997: Jarðvegsrof á Íslandi). Slík stefnumótun yrði að margra mati stærsta græna skrefið sem unnt er að taka í þágu íslenskrar náttúru, en yrði einnig til að auka kolefnisbindingu. Um leið byggjast upp vistkerfi sem auka möguleika framtíðarinnar til framfærslu (þ.e. sjálfbærrar þróunar). Á þeim svæðum sem ekki henta til sauðfjárframleiðslu er hægt að beina stuðningi beinlínis til grænna verkefna eins og gert er í nágrannalöndunum og slík stefna ætti að falla vel að markmiðum með grænu hagkerfi.

4. Ferðaþjónusta er oft á tíðum mögulegur valkostur til að þróa byggð í átt frá framleiðsluáttum sem brjóta í bága við umhverfisvernd. Ferðaþjónusta er núþegar að skila langmestri aukningu í tekjum þegar litið er til atvinnuvega landsins og er sannarlega grænn kostur ef rétt er staðið að málum. Í tillögum nefndarinnar er vikið að mörgum þörfum málum með nokkuð afgerandi hætti (vel skilgreind verkefni). En það er mikilvægt að tilgreina ferðaþjónustu sérstaklega í þessu skjali. Jafnframt er ferðaþjónustan valkostur sem býður möguleika ef önnur landnýting brýtur gegn sjónarmiðum græna hagkerfisins. Ferðaþjónustan verður æ mikilvægari og þróunin er mjög ör: þetta er atvinnugrein sem þegar er í hópi 3 mikilvægustu atvinnugreina landsins. En sumar stoðir ferðaþjónustunnar eru á brauðfótum, ekki síst í dreifbýli. Það þarf að viðurkenna mikilvægi ferðaþjónustunnar í íslensku hagkerfi og efla þróun og nýsköpun á því sviði.

5. Gert er ráð fyrir úttekt á staðardagskrárstarfi. Slæmt ástand lands er mikilvægasta umhverfismálið í mörgum sveitarfélögum en landvernd og vistheimt eru jafnframt liðir í stóru umhverfissamningum S.þ. Því miður vantar landverndarstarf mjög oft í staðardagskrárstarfi og stefnumiðum af einhverjum orsökum. Það þyrfti ekki síður að líta til ástands vistkerfa í sveitarfélögum og vinna að hagrænum hvötum til að bæta ástandið, bæði í þéttbýli sem á opnum svæðum og afréttum.

6. Í þingsályktuninni er sérstaklega litið til sveitarfélaga, eftirlits og vistspora framkvæmda. Hér er afar mikilvægt að auka vægi grænna gilda við framkvæmdir innan sveitafélaga, þar sem jarðvegsvernd, kolefnislosun, vatnsvernd og endurheimt vistkerfa ættu að vera höfð að leiðarljósi. Þetta er augljóslega hægt með hagrænum hvötum, þ.e. sem sveitarfélögum sem öðrum er gert skylt að binda jafnmikið eða og losnar af kolefni, t.d. við framkvæmdir á borð við uppgröft, malbikun o.s.frv.

6a. Rask og uppgröftur sem fylgir nýbyggingum, t.d. á nýjum íbúðarhverfum veldur gríðarlegri losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) þar sem mokað er upp þykkum jarðvegi. Mikilsvert er að skipulags- og framkvæmdaðilum sé þetta ljóst og að losun GHL sé takmörkuð. Rétt væri að setja skyldur á herðar þeim sem raskar að endurheimta land til kolefnisbindingar á móti. Bent er á að í 7. lið tillögunnar er gert ráð fyrir „að tryggj sé að umhverfiskostnaður hafi alltaf verið metinn til fjár áður en ráðist er í framkvæmdir“.

6b. Mjög mikil lokun á jarðvegsyfirborði (sealing) hefur margvísleg umhverfisvandamál í för með sér, m.a. með tilliti til vatnsbúskapar og mengunar. Fyrirtæki, stofnanir ríkisins og sveitarfélög leggja oft í miklar framkvæmdir af þessu tagi án þess að hugað sé að mótvægisáðgerðum. Þennan umhverfiskostnað þarf að meta og setja skyldur um mótvægi. Slitrun („fragmentation“) er annað vandamál sem hefur ekki náð augum framkvæmdaraðila í sveitarfélögum.

6c. Unnt er efla hagræna hvata til að endurheimt vistkerfi í sveitarfélögum, t.d. votlendi, birkiskóga og fjörusvæði, m.a. sem mótvægisáðgerðir við framkvæmdir. Þess má geta að framræst votlendi losar líklega álíka mikið af gróðurhúsalofttegundum og stóriðjan.

7. Greinar 33-35 eru tileinkaðar lífrænni framleiðslu. Liður 33 tiltekur að: „*Stjórnvöld móti framkvæmdaáætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi, með það að markmiði að lífrænt vottaðar vörur verði 15% af landbúnaðarframleiðslu á Íslandi.*“ Umhverfiseild Lbhí fagnar því að sett séu slík markmið. Við teljum mikilvægt að efla faglegt starf á þessu sviði á Íslandi, en erlendis eru stundaðar margvíslegar rannsóknir á vegum háskólasamfélagsins til stuðnings vistvænnar og lífrænnar framleiðslu. Einnig er rétt að líta ekki aðeins til lífrænnar framleiðslu heldur að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi í framleiðslu sem tekur tillit til umhverfisverndar og hollustu afurðanna. Þarna getur einnig komið til álita „vistvæn“ framleiðsla o.s.frv.

8. 43. liður tiltekur orkuskipti í samgöngum. Orkuskipti á vélum í iðnaði, landbúnaði o.fl. ættu að veita þarna jafn þungt, sbr. athugasemd er varðar metanvæðingu hér á undan.

9. Mikið er fjallað um orkukostnað í samgöngum, m.a. í tengslum við fræðslumál, enda getur almenningur haft bein áhrif á þessa orkunotkun. Við tökum vitaskuld undir þetta sjónarmið.

10. Rétt er að hafa í huga að efla fræðslu um önnur æði þung vistspor. Nefna má iðnað og landbúnað. Dæmi af handhófi: hvert er vistspor við fóðrun hunda? Hvert er vistspor hests? Lítra af mjólk? Kg af dillkakjöti? Golf? Fiskveiðar. Það er mikilvægt að efla vitund almennings almennt um vistspor af framleiðslu á þeim vörum sem við neytum.

11. 39 liður fjallar um „*að ráðist verði í heildarendurskoðun á löggjöf um úrgangsmál*“. Vitaskuld er það afar brýnt og er tekið undir þetta sjónarmið hér. En hvað með öll hin stóru og raunverulega „grænu“ málefni? T.d. endurskoðun laga þannig að sömu fjárhagslegu hvatar séu til að endurheimta náttúruskógana á Íslandi (birki) og plöntun barrtrjáa. Eða endurheimt votlendis. Verndun og beitarfriðun lands í nágrenni eldfjalla, á auðnum og rofsvæðum. Ljóst er að það er verið að endurskoða marga lagabálka er lúta að umhverfisvernd slitrótt í mörgum hornum (náttúruvernd, landgræðsla, skógrækt, úrgangsmál, skipulagsmál og umhverfismat o.s.frv.) þegar rétt væri reyna að samræma lagsetningar til að ná tilætluðum árangri.

10. Flokkun sorps er ofarlega á baugi í þingályktun um grænt hagkerfi. Flokkun útheimtir ýmiss konar búnað, ekki síst þegar kemur að lífrænu sorpi. Benda má á að það þarf að auðvelda ríkisstofnunum flokkun, m.a. með sameiginlegum innkaupum og/eða rekstri á flokkun o.fl. Nú þarf hver stofnun að vinna að lausnum á eigin vettvangi, sem er óhagkvæmt.

Fyrir hönd umhverfiseildar Landbúnaðarháskóla Íslands;

Ólafur Arnalds